



Fundur hjá stjórn styrktarsjóðs þjálfara HSV þriðjudaginn 10.1.2024 kl. 15:40 á skrifstofu HSV

Mætt eru Esther Ósk Arnórsdóttir, Andrea Gylfadóttir, Kristján Kristjánsson og Dagný Finnbjörnsdóttir sem ritar fundargerð.

Fimm umsóknir bárust í sjóðinn:

Knattspyrnudeild Vestra – vegna markmannsþjálfunarnámskeiðs KSÍ BM1 10.-11. Nóvember 2023. Sótt er um styrk að upphæð 167.649 kr.

Samþykktur styrkur, 162.800 kr.

Knattspyrnudeild Vestra - vegna markmannsþjálfaranámskeiðs KSÍ BM2 27.-28. Janúar næstkomandi. Sótt er um styrk að upphæð 200.000 kr.

Samþykktur styrkur, 187.800 kr.

Körfuknattleiksdeild Vestra – vegna menntunar þjálfara, viðkomandi þjálfari hefur nú þegar sótt tvö námskeið sem sóttur er um styrk vegna. Sótt er um styrk að upphæð 139.925 kr.

Samþykktur styrkur, 127.800 kr.



Skíðafélag Ísafjarðar – vegna þjálfaranámskeiðs, sérgreinahluta þjálfaranáms í skíðagöngu og alpagreinum. Markmiðið er að auka gæði æfinga og þjálfunar hjá iðkendum skíðafélagsins í öllum aldursflokkum. Sótt er um styrk að upphæð 300.000kr.

Samþykktur styrkur, 287.800 kr.

Blakdeild Vestra – vegna menntunar þjálfara, viðkomandi þjálfari hefur nú þegar lokið námskeiði á alþjóðlegu blaknámskeiði á vegum spænska blaksambandsins.

Sótt er um styrk að upphæð 280.958 kr.

Samþykktur styrkur, 187.800 kr.-

Stjórn þjálfarasjóðs mun við næstu úthlutun óska eftir að umsóknir verði unnar með faglegum hætti og lýsi vel þeirri þjálfaramenntun sem sótt er um styrk fyrir.